

1. Gullbringusýslupóstur fer frá Reykjavík daginn eftir komu póstskeips, um Hafnarfjörð og Kálfatjörn til KEFLAVÍKUR, dvelur sólarhring þar og snýr þá aftur til Reykjavíkur.

2. Barðastrandarsýslupóstur fer frá Bø í Reykhólasveit morguninn eftir, að Reykjavíkurpósturinn er þangað kominn, að Brjámslæk og BÍLDUDAL, og snýr aftur svo tímanlega, að hann geti náð aðalpóstinum frá Ísafirði í apturleið hans.

3. Strandasýslupósturinn fer daginn eftir komu Reykjavíkurpóstsins að Melum, þaðan um Borðeyri og Prestsbakka að STAÐ í Steingrímsfirði, og snýr aftur frá Stað svo tímanlega, að hann geti náð norðanpóstinum á Melum í apturleið hans.

4. Snæfellsnessýslupósturinn fer frá Hjarðarholti í Dölum daginn eftir komu Reykjavíkurpóstsins þangað, um Breiðabólstað á Skógarströnd til STYKKISHÓLMS, gengur þar eftir um brjefhirðingarstaðina á Búðum, Rauðkollstöðum og Stadarhrauni, og kemur aftur frá Stykkishólmi að Hjarðarholti síðast kvöldinu fyrir fardag þann, sem til tekinn er fyrir vestanpóstinum frá Hjarðarholti í Dölum.

5. Ísafjarðarsýslupóstur fer frá Ísafirði um Holt í Önundarfirði að ÞINGEYRUM við Dýrafjörð daginn eftir komu sunnanpóstsins að Ísafirði, og snýr hann aftur svo tímanlega, að hann geti verið kominn á Ísafjörð í síðasta lagi kvöldinu fyrir fardag vestanpóstsins þaðan.

6. Skagastrandarpóstur fer frá Sveinsstöðum daginn eftir komu Reykjavíkurpóstsins þangað og snýr aftur eftir sólarhringsdvöl á HÓLANESI.

7. Höfðastrandarpóstur fer frá Viðimýri daginn eftir komu sunnanpóstsins og snýr aftur eftir sólarhringsdvöl á HOFÓS.

8. Siglufjarðarpóstur fer frá Akureyri daginn eftir komu sunnanpóstsins og snýr aftur eftir sólarhringsdvöl á SIGLUFIRÐI.

9. Þingeyjarsýslupóstur fer daginn eftir komu Akureyrarpóstsins að Helgastöðum, þaðan um Húsavík, Skinnastaði og Prestshóla að SAUÐANESI, og snýr aftur eftir þriggja sólarhringa dvöl þar.

10. Norður-Múlasýslupóstur fer frá Egilsstöðum daginn eftir komu Akureyrarpóstsins, um Fossvelli til VOPNAFJARÐAR, og snýr aftur eftir 3 sólarhringa dvöl þar.

11. Suður-Múlasýslupóstur fer frá Egilsstöðum daginn eftir komu póstsins frá Akureyri, og snýr aftur eftir 2 sólarhringa dvöl á SEYÐISFIRÐI, þó þannig, að hann í 4., 5. og 6. ferð bíður komu póstskeipsins frá Kaupmannahöfn til Seyðisfjarðar, og fer frá Seyðisfirði daginn eftir hana, en hvernig sem á stendur má hann í þessum ferðum ekki bíða lengur á Seyðisfirði en til 8. dags júnímán., 18. d. júlím. og 27. d. ágústm.

12. Vestmannaeyjapóstur fer frá Breiðabólstað að KROSSI daginn eftir komu póstsins frá Reykjavík, og snýr aftur hið fyrsta unnt er. Þegar póstattaska kemur frá VESTMANNAEYJUM að Krossi, skal henni komið svo snemma að Breiðabólstað, að hún komist á póstinum frá Prestbakka til Reykjavíkur. Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík, 30. dag nóvembermánaðar 1875.

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Með tilliti til laga þeirra, sem komu út 15. f. m. um löggildingu verzlunarstaðar við Blönduós, skal eigi undanfellt að tjá yður herra landshöfðingi til þóknarlegrar leiðbeiningar, að ráðgjafinn hefur þózt mega leita samþykkis hans hátignar konungsins á lögum þessum, þó ákveðið sje í þeim, að þeim skuli fylgt frá 1. janúar 1876, en það sje ljóst, að þau verði ómögulega innan þess tíma birt á þann almenna hátt sem skuldbindur alla, eða með lestri á þingum. Það þarf ekki að leiða nánari rök að því, að það er óregla, sem við flest önnur lög getur valdið hinum mestu vandræðum, að setja lög, sem samkvæmt orðum þeirra ber að fylgja, áður en þau verða birt á venjulegan hátt, því þeir, sem eiga að hlýða lögunum, geta þá borið fyrir sig, að þeir þekki þau ekki. Samt hefur ráðgjafinn ætlað, að við þau lög, sem hjer ræðir um, geti vegna sjerstaks innihalds þeirra eigi komið fram neinir órðugleikar, því ráð má gera fyrir því, að sjeð verði um, að

Hinn 6. desbr. 1875.

1875

91
2an
nóvbr.

lög þessi á annan hátt verði kunn bæði hlutaðeiganda embættismanni og öðrum, áður en þeim ber að hlýða og eptir breyta.

Jafnframt því þessvegna þjónustusamlega að skora á yður herra landshöfðingi að ráðstafa því, sem nauðsynlegt er í þessu efni, skal ekki undanfelld að bæta því við, að mál þetta sýni, hve nauðsynlegt það sje, meðan hinn núverandi seinláti birtingarháttur er í lögum á Íslandi, að sýna varkárni með að til taka í lagafrumvörpum vissan tíma, er lögum um ber að fylgja frá, því slíkar ákvarðanir geta, er þær ekki veita nægilegan tíma til að birta lögum, varnað því, að lög, sem annars ekki væri neitt á móti, verði staðfest með samþykki konungs.

Brjef þetta ber að birta í stjórntíðindum.

92
10da
nóvbr.

Brjef ráðgjafa konungs fyrir Ísland (til landshöfðingja).

Samkvæmt allrægnlegustum tillögum ráðgjafans, er gjörðar voru eptir að þóknanlegt brjef herra landshöfðingja frá 31. ágúst þ. á. var komið, hefur hans hátign konunginum þóknast 29. f. m. allramildilegast að fallast á, að sett verði 3 manna nefnd til að semja ný skattalög fyrir Ísland, og hugleiða ýms önnur atriði, sem standa í sambandi við þau, og ef hagkvæmt þykir, að leggja til um breytingar á þeim.

Jafnframt því að tjá yður herra landshöfðingi þetta til þóknanlegrar leiðbeiningar, skal yður veitt umboð til að fela ætlunarverk það, sem getið var, á hendur nefnd, er þessir menn fái sæti í: assessor í hinum konunglega íslenska landsyfirdómi Magnús Stephensen, og skal hann vera formaður nefndarinnar, yfirkenari við hinn lærða skóla í Reykjavík alþingismaður Halldór Kr. Friðriksson og hreppstjóri alþingismaður Jón Sigurðsson frá Gautlöndum, og ef nokkur af þessum mönnum skyldi skorast undan að taka þenna starfa að sjer eða vegna annara anna eigi geta það, eða ef sæti í nefndinni síðar skyldi verða autt, kveðja nýjan nefndarmann.

Með því að breyting hinna fornu íslensku skattalaga mun verða aðalverkefni nefndarinnar, hefur þótt hlýða að benda á nefndarnefnd atriði, er nefndinni sjerlega ber að fhuga:

1. hvort úr lögum beri að nema manntalsbókargjöld þau, sem nú eru, svo sem skatt, gjafstoll, lögmannstoll, manntalsúsk, konungstíund og alþingistoll og í þeirra stað lögleiða nýtt skattgjald.
2. hvort greiða eigi slíkt gjald í landaurum samkvæmt verðlagsskrá, eins og nú á sjer stað, og þá í hverjum landaurum, eða hvort ekki skyldi vera gjörlegt, með því að hægra er að koma fyrir reglubundnum gjaldheimtum, ef skattgjaldið er greitt í peningum, að löghjóða slíka skattgreiðslu.
3. hverri upphæð hið nýja skattgjald skuli nema, hvort heldur þeirri upphæð, er nú kemur í landssjóð af hinum nefndu gjöldum samanlögðum, og verður að reikna hana út eptir tekjum hinna síðustu 3 ára, eða hvort bæta skuli við þessa upphæð nokkrum hundruðustu þörtum.
4. hvort nema beri úr lögum gjaldfrelsi það, sem fylgir einstökum fasteignum og sumir menn hafa, og, ef nefndin fellst á það, hvort veita beri skaðabætur fyrir missi slíks gjaldfrelsis.
5. hvort leggja skuli hið nýja skattgjald bæði á fasteign (almennings eigur og eigur einstakra manna) og á lausafje og þá í hverju hlutfalli og eptir hverjum reglum.
6. hvort ástæða sje til að leggja auk hins almenna skattgjalds, er nú var nefnt, skatt